

**Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum
Próf í endurskoðun og reikningsskilum – seinni hluti
11. október 2021
kl. 9:00 – 16:00**

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 110 mín.

Þú stendur frammi fyrir eftirtöldum aðstæðum sem allar eru ótengdar innbyrðis vegna áritunar á ársreikning 2020. Það skal tekið fram að ekkert neðangreindra félaga er eining tengd almannahagsmunum (e. PIE) og gera þau upp eftir lögum um ársreikninga nema annað sé tekið fram.

1. A ehf. er leikjaframleiðandi sem hefur verið að þróa og hanna ýmsa tölvuleiki og smáforrit (öpp) síðastliðin ár. Sem stendur er fyrirtækið á krossgötum þar sem þeir fjármunir sem hefur tekist að safna í reksturinn fara að verða uppunir og án nýrra fjárfesta eða tekjumöguleika mun róðurinn verða þungur. Þá hafa samskipti á milli stofnenda fyrirtækisins verið mjög stíð og hefur einum þeirra verið vikið úr starfi af stjórn sökum agabrota. Viðkomandi tók því mjög illa og hefur kært fyrirtækið fyrir ólögmdæta uppsögn og krafist gríðarlegra fjármuna í miska- og tjónabætur vegna orðsporsmissis. Lögfræðingur félagsins telur málið mjög tvísýnt og að stefnandinn hafi ýmis sterk rök fyrir máli sínu en það sé erfitt að leggja mat á líklega niðurstöðu.
Þeir leikir og öpp sem A ehf. hefur þróað hafa náð miklum vinsældum en tekjuöflun þeirra og tekjumöguleikarnir hafa verið umtalsvert undir væntingum stjórnenda. Hugmyndir eru uppi um að breikka tekjumöguleika þess sem A ehf. hefur verið að þróa, mögulega í leikjatölvur, borðspil og jafnvel sjónvarpsþætti. Umræður eru enn á frumstigi og of fljótt að segja til um hvert framhaldið verður. Stjórnendur hafa tekið saman rekstraráætlun og áætlaða sjóðflæðisspá næstu 12 mánuði eftir reikningsskiladag. Ýmsar forsendur í áætluninni eru háðar töluverðri óvissu, en hafa engu að síður í sögulegu samhengi gengið eftir. Þá hefur félagið verið að eignfæra hjá sér þróunarkostnað síðastliðin ár sem nemur umtalsverðum fjárhæðum. Mat á óefnislegu eigninni stóðst virðisrýrnunarpróf en þú fékkst aðstoð frá verðmatssérfræðingi við mat á prófinu. Þið voruð hins vegar sammála um það að lykilforsendur í prófinu væru háðar mikilli óvissu og næmar fyrir breytingum.
2. B ehf. er hugbúnaðarþróunarfyrirtæki sem hefur þróað hugbúnað sem hægt er að nota til að þróa og keyra tölvuleiki. Stór erlendur samkeppnisaðili hefur ásakað og kært fyrirtækið fyrir hugverkastuld. Málaferli vegna þessa hafa farið fram erlendis. B ehf. hefur stefnt erlenda fyrirtækinu á móti fyrir margvísleg brot. Stjórnendur eru meðvitaðir um alvarleika málanna sem varða miklu um framtíðarhorfur fyrirtækisins. Málareksturinn hefur tekið mikið á, með tilheyrandi kostnaði og tíma. Nú líður að áritun og stjórnendur greina ítarlega frá málarekstrinum í skýringum með ársreikningi félagsins. Endurskoðunarteymið sendi lögfræðibraef og þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir þínar og stjórnenda þá hefur ekkert svarbraef borist frá lögfræðistofunni varðandi málaferlin. Endurskoðunarteymið hefur leitað allra leiða til að afla upplýsinga sem gætu nýst við endurskoðunina varðandi málaferlin en án árangurs.
3. C ehf. er fyrirtæki í byggingariðnaði. Félagið hefur fjárfest mikið í búnaði og tækjum síðastliðin ár og fjármagnað það að miklu leyti með langtímalánum. Greiðslur af lánum voru að stærstum hluta vextir fyrstu árin. Í endurskoðuninni kemur í ljós við yfirferð lánaskilmála að á næsta ári er stærsti hluti höfuðstóls langtímalána félagsins til greiðslu en í ársreikningi eru lánin flokkuð að öllu leyti meðal langtímalána. Þegar frekari upplýsinga er aflað frá

fyrirtækinu kemur í ljós að stjórnendur byrjuðu að semja við nýja lánveitendur seint í nóvember um endurfjármögnun, lækkun vaxta og hagstæðara greiðslufyrirkomulag. Þegar kom að því að skrifa undir pappírana í desember komu upp alvarleg veikindi vegna COVID-19 hjá lánveitandanum sem tafði ferlið. Undirritun og þinglýsing skjalanna fór ekki fram fyrir en í janúar á nýju ári.

4. D ehf. er ferðaþjónustufyrirtæki með áherslu á afþreyingu og upplifun. Fyrirtækið fjárfesti ásamt erlendum samstarfsaðilum í nýrri afþreyingarmiðstöð þar sem hægt er að spila leiki þar sem notast er við golfbúnað sem er á staðnum. Þá er rekin á staðnum verslun þar sem hægt er að kaupa ýmsan varning og minjagripni auk veitingaaðstöðu. Þessu fylgir mikið birgðahald en auk þess eru birgðir af varahlutum og búnaði sem tengjast starfseminni. Reksturinn hefur gengið vel en undanfarið hefur fyrirtækið fundið vel fyrir samdrætti í ferðamannaíðnaðinum á Íslandi og áhrifum sóttvarnaraðgerða. Vegna þessa hefur þurft að loka aðstöðunni nokkrum sinnum til lengri tíma með tilheyrandi tekjutapi. Stjórnendur vinna ötullega að því að tryggja sér fjármuni til að viðhalda rekstrinum og semja við núverandi lánadrottna um frestanir þar sem þeir vita að þetta ástand er ekki viðvarandi. Lánaskilmálar félagsins gera kröfu um að fyrirtækið verði endurskoðað í fyrsta skipti í ár. Meðlimur í endurskoðunarteyminu var viðstaddur birgðatalningu í árslok en ekki reyndist unnt að staðfesta birgðir í ársbyrjun. Fjallað er um núverandi stöðu fyrirtækisins og þær áskoranir og ógnanir sem til staðar eru í skýrslu stjórnar og skýringum með ársreikningi félagsins.

Úrlausnarefni:

Fyrir sérhvert tilvik sem lýst er hér að framan:

- A. Gerðu grein fyrir því hvaða áritun þú telur við hæfi miðað við ofangreindar forsendur. Rökstyddu vel hvers vegna.
- B. Stilltu upp endanlegri áritun í heild sinni fyrir hvert tilvik samkvæmt niðurstöðu þinni í lið A. Við þá vinnu getur þú stuðst við drög að mismunandi stöðluðum áritunum sem þú hefur aðgang að á tölvutæku formi á heimasvæði prófsins. Vandaðu vel orðalag áritunarinnar.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 55 mín.

Fortíðarfélagið hf. beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Hlutabréf félagsins eru skráð í kauphöll. Eftirfarandi eru nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi félagsins á árinu 2020.

Rekstrarárangur:

<i>Rekstrarárangur og skipting:</i>	
Hagnaður ársins	2.000.000
<i>Skipting hagnaðar:</i>	
Hluthafar móðurfélagsins	1.900.000
Minnihlutaeigendur í dótturfélögum	100.000
<i>Heildarafkoma ársins</i>	
Heildarafkoma ársins	1.200.000
<i>Skipting heildarafkomu:</i>	
Hluthafar móðurfélagsins	1.140.000
Minnihlutaeigendur í dótturfélögum	60.000

Hlutfé og aðrar upplýsingar:

- Útgefið hlutfé í upphafi árs 2020 nam 1.000.000. Nafnverð hvers hlutar er 1 kr. á hlut. Hlutféð var þó ekki allt útistandandi í upphafi árs 2020 því félagið átti 50.000 eigin hluti. Eigin hlutina keypti félagið á árinu 2019 til að geta staðið við kaupréttarsamninga við starfsmenn sem gerðir voru fyrir nokkrum árum. Kaupréttarsamningarnir höfðu að fullu áunnist (e. fully vested) í lok árs 2019 og voru frá og með þeim tíma nýtanlegir hvenær sem er til ársloka 2023.
- Þann 1. febrúar 2020 gaf félagið út og seldi 100.000 nýja hluti. Söluverð þeirra var 4,0 á hlut.
- Þann 1. júlí 2020 nýttu starfsmenn sér fyrrnefnda kaupréttarsamninga að fullu. Í samræmi við samningsákvæði keyptu þeir 50.000 hluti af félaginu á genginu 2,5 á hlut. Meðalmarkaðsverð hluta félagsins á fyrri hluta ársins var 4,2.
- Þann 1. nóvember 2020 gaf félagið út jöfnunarhlutabréf (e. bonus issue) þar sem hluthafar fengu án endurgjalds 1 jöfnunarhlutabréf fyrir hvert 1 hlutabréf sem þeir áttu í félaginu.
- Þann 1. desember 2020 gaf félagið út breytanlegt skuldabréf. Höfuðstóll (nafnverð) skuldabréfsins er 1.500.000. Bréfið er óverðtryggt og ber 6,0% nafnvexti. Bréfið var gefið út og selt á nafnvirði (pari). Hefði það ekki innifalið breytiréttinn hefðu nafnvextir þurft að vera 8,5% svo að það hefði selst á pari (markaðsvextir fyrir alveg eins skuldabréf nema án breytiréttar). Skuldabréfið er til fimm ára. Það er með einum árlegum gjalddaga en hann er 1. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi skuldabréfsins verður því 1. desember 2021. Á hverjum gjalddaga eru áfallnir vextir af útistandandi höfuðstól skuldabréfsins greiddir

ásamt einum fimmta hluta upprunalegs höfuðstóls. Skuldabréfaeigandanum er hins vegar heimilt að skipta hvenær sem er á lánstímanum hverjum 5 af útistandandi höfuðstól skuldabréfsins í 1 hlut í félaginu en fá þá um leið áfallna vexti greidda. Í árslok 2020 hafði skuldabréfaeigandinn ekki nýtt sér skiptiréttinn.

- Tekjuskattshlutfall er 20%.

Úrlausnarefni:

- Sýndu á forminu debit / kredit þær færslur og fjárhæðir sem Fortíðarfélagið hf. þarf að gera vegna breytanlega skuldabréfsins þegar það er gefið út og selt þann 1. desember. Láttu koma fram á hvaða liði reikningsskilanna fært er. (15 mín.).**
- Reiknaðu út hagnað á hlut fyrir árið 2020 (15 mín.).**
- Reiknaðu út þynntan hagnað á hlut fyrir árið 2020 (20 mín.).**
- Svaraðu því hvort og þá hvers vegna félagið myndi þurfa að breyta útreikningum hagnaðar á hlut og þynnts hagnaðar á hlut fyrir árið 2019 í ársreikningi 2020 frá því sem var í ársreikningi félagsins fyrir árið 2019. Ekki þarf að vísa í tiltekna grein í viðkomandi alþjóðlegum reikningsskilastaðli (5 mín.).**

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 3 – 35 mín.

ABC ehf. er rótgróið fyrirtæki sem rekur verslanir undir eigin nafni en selur vörur frá mörgum vinsælum alþjóðlegum vörumerkjum. Síðan það var stofnað hafa verið opnaðar níu verslanir, um helmingur á höfuðborgarsvæðinu og aðrar víðsvegar um land. Fyrir um einu og hálfu ári var opnuð netverslun til að bregðast við breyttu neyslumynstri almennings. Vörur eru sendar í verslanir og pantanir netverslunar afgreiddar af miðlægum lager. Síðustu ár hafa verið mikil vandamál tengd vörubirgðum fyrirtækisins og erfiðlega gengið að sannreyna magn og verðmæti þeirra. Þess vegna hefur verið áritað með fyrirvara um birgðaverðmæti. Seint á árinu 2019 (samanburðarári) uppfærði félagið tölvukerfi sitt, þar með talið birgða- og afgreiðslukerfi. Innleiðingin gekk ekki sem skyldi og ekki tókst að ná utan um magn og verðmæti vörubirgða það árið. Í ár telja stjórnendur sig hafa leyst vandamálið og gert viðeigandi leiðréttingar á ferlum og stillingum í kerfinu. Því ættu vandamál að heyra sögunni til. Þar sem á fyrri árum hefur gengið illa að staðfesta birgðir er ákveðið að úrtakið verði haft sérstaklega stórt.

Við yfirferð á endurskoðunarvinnunni tekur verkefnastjórinn eftir því að það hefur gengið misvel að ná utan um magn á lagerum og í mörgum tilvikum er misræmi á verði sömu vöru milli lagera. Starfsmaður er að ganga frá vinnupappírurum um niðurstöður talningarinnar. Við innslátt á niðurstöðum talningar kemur í ljós að frávik eru margvísleg, ýmist ofmat eða vanmat og frávik bæði í magni og verði. Heildarfrávik á niðurstöðu talninga hreyfast ýmist innan eða utan skilgreinds þröskulds (mikilvægismarka) en í lokin eru þau innan marka.

Verkefnastjórinn boðar þig á fund til að fara yfir endurskoðunarvinnuna og vill vita hver væru viðeigandi næstu skref til að ljúka endurskoðun birgða.

Úrlausnarefni:

- A. Verkefni þitt er að taka saman greinargott minnisblað og komast að niðurstöðu um hvort það hafi tekist að ná markmiðum um endurskoðun birgða fyrirtækisins. (25 mín.).
- B. Myndi það breyta svarinu þínu í A-lið, og þá hverju, ef heildarskekkjan væri rétt fyrir utan reiknuð mikilsvægismörk? (10 mín.).

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 4 – 45 mín.

Einn af viðskiptavinum þínum er fyrirtækið Kortaviðskipti hf. sem er fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig í greiðslumiðlun og greiðslulausnum. Upp á síðkastið hefur fyrirtækið verið að lenda í síendurteknum netárásum og ógnunum við greiðslukerfi sitt með tilheyrandi truflun og raski á starfsemi. Sú nýjasta var seint í nóvember og virðist sem hún hafi verið sú alvarlegasta til þessa. Þú ert sem endurskoðandi félagsins í reglulegum samskiptum við stjórnendur um þessar ógnanir og hvað fyrirtækið sé að gera til að bregðast við þeim. Þú ræðir við yfirmenn upplýsingatæknisviðs og áhættustjóra Kortaviðskipta hf. til þess að átta þig á alvarleika málsins og eftirmálum. Kemur þar fram að verið sé að skoða hvort og hver áhrifin hafi verið en þar sem kerfin eru að miklu leyti sjálfvirk sé það tímafrek og flókin vinna.

Á fundi með endurskoðunarteyminu kom upp sú vangavelta hvort það væri við hæfi að styðjast við utanaðkomandi sérfræðing í netárásum og gagnaöryggi. Verkefni hans yrði að skoða áreiðanleika kerfa og gæði upplýsinga, meðal annars fjárhagskerfisins og hvort netárásirnar sem hafa átt sér stað séu að hafa áhrif. Verkefnastjórinn telur sig geta framkvæmt þessa endurskoðunaraðgerð með hefðbundinni tölvuendurskoðun og telur ekki þörf á að kalla til utanaðkomandi sérfræðing.

Úrlausnarefni:

- A. Taktu saman minnisblað fyrir endurskoðunina þar sem farið er yfir áhrif netárásanna á endurskoðunina. Taktu afstöðu til þess hvort það sé við hæfi að fá aðstoð utanaðkomandi sérfræðings eða ekki. (20 mín.).**
- B. Gerðu drög að endurskoðunarfyrirmælum í samræmi við niðurstöður þínar í A-lið. (25 mín.).**

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 5 – 40 mín.

Regal hf. rekur fjölbreytta heildsölu með allt frá matvælum yfir í vörur fyrir heilbrigðiskerfið. Regal hf. rekur tæknilega fullkomið vöruhótel og annast einnig vöruafgreiðslu fyrir önnur fyrirtæki. Snemma í COVID-19 faraldrinum ákváðu stjórnendur fyrirtækisins að bregðast við með því að skipta vöruhótelinu niður í smærri sóttvarnareiningar til að lágmarka samgang milli rýma.

Í samtali þínu við stjórnendur fyrirtækisins varðandi skipulagningu birgðaendurskoðunar í ár er verið að fara yfir stöðu mála, sóttvarnaraðgerðir og þá hvernig væri hægt að framkvæma endurskoðun á birgðum. Stjórnendur hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því að hleypa utanaðkomandi aðilum inn á sóttvarnarsvæðin. Þeir leita til þín varðandi hugmyndir og lausnir um hvernig framkvæmd endurskoðunar á birgðum gæti farið fram miðað við þessar takmarkanir. Þeir hafa meðal annars spurt hvaða áhrif myndi það hafa á endurskoðunina ef það yrði sett á útgöngubann.

Úrlausnarefni:

- A. Hvaða álitæfni eru til staðar, vísaðu til staðla og reglna eins og þú telur eiga við. (20 mín.).
- B. Byggt á svari þínu í A-lið, hvaða áhrif getur þetta haft á áritun á ársreikning Regal hf.? (10 mín.).
- C. Endurskoðandi fyrirtækis sem úthýsir lagernum sínum til Regal hf. kemur að máli við þig og spyr um hvernig best væri að staðfesta birgðir félagsins í endurskoðun ársins. (10 mín.).

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 6 – 70 mín.

Framtíðarfélagið hf. beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í lok árs 2020 gerði félagið leigusamning um fasteign við leigusalann Flotta Fasteignafélagið hf.

Eftirfarandi eru þau ákvæði leigusamningsins sem máli skipta við úrlausn verkefnisins. Til hægðarauka eru dagsetningar og stutt samantekt á helstu upplýsingum sem fram koma í textanum jafnframt settar fram í töflu hér á eftir.

Fjárhæðir eru í þús. kr. og skal svara verkefninu í þús. kr.

Leigutími

Leigutími hefst 1. janúar 2021 og lýkur honum 31. desember 2030 nema Framtíðarfélagið hf. nýti sér heimild til að framlengja leigutíma um tvö ár frá og með árslokum 2030. Framtíðarfélaginu er þó jafnframt heimilt að segja leigusamningnum upp með að lágmarki þriggja mánaða fyrirvara á árinu 2028. Nýti félagið sér uppsagnarheimildina skal það flytja starfsemi sína úr húsinu og skila því til leigusala í árslok 2028. Nýti það sér þessa uppsagnarheimild skal það, auk þess að greiða leigu út árið 2028, greiða viðbótargreiðslu sem nemur 3 mánaða leigu.

Framtíðarfélaginu hf. er óheimilt að framleigja húsnæðið til þriðja aðila.

Í upphafi leigutíma telja stjórnendur Framtíðarfélagsins hf. mjög ólíklegt að félagið muni nýta sér uppsagnarheimildina. Reyndar telja þeir húsnæðið svo heppilegt fyrir framtíðarstarfsemi þess að þeir eru nær fullvissir um að nýta sér framlengingarheimildina í samningnum.

Leigugreiðslur

Framtíðarfélagið hf. skal í upphafi hvers árs greiða leigu fyrir allt árið. Heildarleigugreiðslur ársins 2021 eru 24.000 (mánaðarleigan er 2.000). Samkvæmt leigusamningnum skulu leigugreiðslur hækka milli ára í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá upphafi til loka nýliðins árs. Vísitala neysluverðs var 100 í upphafi árs 2021 en 105 í lok sama árs.

Í samningnum er að finna ákvæði um tryggt hrakvirði (e. residual value guarantee). Þannig ábyrgist Framtíðarfélagið hf. að virði húsnæðisins nemi að lágmarki 200.000 þegar leigutíma lýkur. Mat stjórnenda er að félagið muni þurfa að greiða 20.000 á grundvelli hrakvirðistryggingar í árslok 2028 ef félagið nýtir sér fyrrnefnda uppsagnarheimild, 15.000 ef leigutíma lýkur í árslok 2030, en 10.000 í árslok 2032 ef félagið nýtir sér framlengingarheimildina og leigir húsnæðið til loka þess árs.

Leigueignina (e. Right-of-use asset) skal afskrifa með línulegum hætti á leigutímanum.

Við útreikning leiguskuldar skal nota 8,0% vexti.

Ekki þarf að huga að tekjuskatti í þessu verkefni.

Samantekt

Dagsetningar	Samanteknar upplýsingar
Ársbyrjun 2021	✓ Leigutími hefst. ✓ Vísitala neysluverðs er 100.
Árslok 2021	✓ Vísitala neysluverðs er 105.
Árslok 2028	✓ Leigutíma lýkur nýti félagið sér uppsagnarheimild.
Árslok 2030	✓ Leigutíma lýkur nema félagið nýti sér framlengingarheimild.
Árslok 2032	✓ Leigutíma lýkur hafi félagið nýtt sér framlengingarheimild.

Úrlausnarefni:

- A. Færðu rök fyrir því hver ákvarðaður leigutími er í upphafi árs 2021 (10 mín.).**
- B. Sýndu á forminu debit / kredit þær færslur sem Framtíðarfélagið hf. þarf að gera vegna leiguskuldarinnar og leigueignarinnar í bæði upphafi og lok árs 2021. Sýndu viðeigandi fjárhæðir og láttu koma skýrt fram á hvaða liði reikningskilanna fært er (30 mín.).**

Viðbótarupplýsingar

Árið 2025 reið hvert efnahagsáfallið af öðru yfir Ísland sem hafði mikil áhrif á starfsemi Framtíðarfélagins hf. Um mitt það ár neyddist félagið til að leggja af tiltekinn starfspátt og segja upp um 70% af starfsfólki sínu. Það er ljóst að leiguhúsnæði félagsins er alltof stórt miðað við núverandi og áætlaða starfsemi þess næstu ár.

Framtíðarfélaginu hf. stendur í lok árs 2025 til boða að taka minna og hentugra húsnæði á leigu af leigusalanum Fína fasteignafélagið hf. Leigusamningurinn yrði til fimm ára og myndi leigutími hefjast í ársbyrjun 2026. Samkvæmt leigusamningnum yrði föst árleg leigugreiðsla 7.000 sem innt væri af hendi í upphafi hvers árs. Í þessum samningi yrði ekki að finna neinar framlengingarheimildir, uppsagnarheimildir eða ákvæði um tryggt hrakvirði. Áframleiga til þriðja aðila væri óheimil.

Vísitala neysluverðs var 125 í lok árs 2025. Allar framangreindar forsendur um viðbótagreiðslu vegna hrakvirðistryggingu eru óbreyttar.

Árslok 2025	✓ Vísitala neysluverðs er 125.
Ársbyrjun 2026	✓ Félaginu býðst að byrja að leigja minna og hentugra húsnæði til ársloka 2030.

Úrlausnarefni:

- C. Sýndu með útreikningum hvort það myndi borga sig fyrir Framtíðarfélagið hf. að gera leigusamning um minna og hentugra húsnæði frá og með ársbyrjun 2026, jafnvel þó það myndi þýða að félagið þyrfti tímabundið að greiða leigu af báðum fasteignunum (30 mín.).**

Ekki þarf að huga að tekjuskatti í þessu verkefni.

Svarið í í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 7 – 35 mín.

Rekstur Fyrirtaksfélagsins hf. hefur gengið mjög vel allt frá stofnun en ekki síst eftir yfirtöku og samruna við félagið Fortíðardraug hf. í ársbyrjun 2019. Velta hins sameinaða félags hefur margfaldast frá þeim tíma og er nú svo komið að starfsemin, sem áður var bundin við Ísland, teygir nú anga sína víða um heim.

Í september 2021 ákváðu stjórnendur Fyrirtaksfélagsins hf. að hefja vinnu við að skrá félagið á hlutabréfamarkað. Þeir vita að það þýðir að félagið þarf að taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla en það hefur allt frá stofnun gert reikningsskil sín í samræmi við ársreikningalög. Reiknað er með því að félagið verði skráð á markað í ársbyrjun 2023.

Úrlausnarefni:

Framkvæmdastjóri félagsins leitar til þín sem sérfræðings í reikningshaldi. Hann biður þig um að skrifa minnisblað fyrir sig um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Þau atriði sem hann vill að minnisblaðið fjalli um eru eftirfarandi:

- A. Hvað félög þurfa almennt að gera þegar kemur að innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Með öðrum orðum langar hann að fá að vita um helstu kröfur sem gerðar eru til fyrsta ársreiknings sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (25 mín.).**
- B. Veigamestu efnahagsliðir félagsins eru annars vegar viðskiptavild og hins vegar rekstrarfjármunir. Framkvæmdastjórinn vill fá að vita hvort bókfært verð þessara liða muni eða geti mögulega breyst við innleiðingu staðlanna og þá hvers vegna (10 mín.).**

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 8 – 30 mín.

Á dögnum varst þú beðin(n) um að halda námskeið fyrir starfsmenn um endurskoðun á opnunarstöðum. Það er misjafnt milli verkefnateyma og verkefnastjóra hvort og hvernig verið er að endurskoða opnunarstöður í ársreikningum. Fyrir námskeiðið gáfu nokkrir samstarfsmenn þínir sig á tal við þig því þeir eru óruggir með hvernig væri best að skjala þetta og hvaða stuðningsgagna ætti að afla fyrir þessa endurskoðunaraðgerð.

Þú lofaðir að fara vel yfir hvaða kröfur eiga við hverju sinni, koma með tillögur um hvað þurfi að gera og fjalla um hvers konar stuðningsgagna þurfi að afla.

Úrlausnarefni:

- A. Lýstu því hvað þarf að gera varðandi opnunarstöður í ársreikningi í fyrsta árs endurskoðun og hvaða/hvernig stuðningsgagna þyrfti að afla. (15 mín.).
- B. Lýstu því hvað þarf að gera varðandi opnunarstöður í ársreikningi í fyrsta árs endurskoðun sem var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda á fyrra ári og hvaða/hvernig stuðningsgagna þyrfti að afla? (15 mín.).

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali